

Dags. 25. mars 2010

Niðurstaða vegna athugunar Fjármálaeftirlitsins á fyrirhugaðri afskráningu Bakkavarar Group hf. úr Kauphöll Íslands.

Fjármálaeftirlitið hefur haft til athugunar fyrirhugaða afskráningu Bakkavarar Group hf. á hlutabréfum félagsins úr Nasdaq OMX Iceland hf. (Kauphöllinni) sem fram kemur í 2. lið dagskrár hluthafafundar félagsins sem haldinn verður þann 26. mars nk. kl. 16.00. Samkvæmt 2. tl. dagskrár fundarins mun verða lögð fram tillaga um að breyta félaginu í einkahlutafélag í samræmi við ákvæði 132. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og að afskrá félagið í kjölfarið úr Kauphöllinni. Félagið hyggist fyrst leggja fram tillögu um breytingu þess í einkahlutafélag og að því fengnu verði það afskráð úr Kauphöllinni.

Í 24. gr. laga nr. 110/2007 um kauphallir (kphl.) er kveðið á um hvernig fjármálagerningar geti verið teknir úr viðskiptum hjá skipulegum verðbréfamarkaði. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. kphl. getur kauphöll tekið fjármálagerninga úr viðskiptum að eigin frumkvæði. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. kphl. getur útgefandi óskað þess að verðbréf hans verði tekin úr viðskiptum og getur þá kauphöll annars vegar orðið við þeirri ósk að fenginni skriflegri greinargerð eða hins vegar ákveðið að bréfin verði ekki tekin úr viðskiptum ef líkur eru til að það mundi valda fjárfestum verulegu tjóni eða hefði neikvæð áhrif á trúverðugleika markaðarins. Útgefandi getur þó ávallt fengið verðbréf tekin úr viðskiptum ef þau eru tekin til viðskipta á öðrum skipulegum verðbréfamarkaði. Í lögskýringargögnum vegna nefndra ákvæða um afskráningu kemur fram að með fyrirkomulaginu sé komið í veg fyrir að útgefandi geti fyrirvaralaust losað sig undan þeirri upplýsingakvöð sem skráningunni fylgir og að ákvæðin feli í sér tryggingu fyrir eigendur verðbréfanna og verðbréfamarkaðinn í heild. Einnig kemur fram að um forsendubrest vegna viðskipta með skráða fjármálagerninga geti verið að ræða væru ákvæðin um afskráningu ekki til staðar og unnt að taka bréfin fyrirvaralaust af skrá.

Um er að ræða sérlög um verðbréf hlutafélaga gagnvart lögum nr. 2/1995 um hlutafélög en samkvæmt almennum lögskýringarreglum ganga sérlög framur almennum reglum laga um hlutafélög, þ.m.t. 132. gr. þeirra um almenna heimild hlutafélaga til að breyta félagi úr hlutafélagi í einkahlutafélag.

Aðferðir við afskráningu eru að mati Fjármálaeftirlitsins tæmandi taldar í umræddu ákvæði. Fjármálaeftirlitið telur að fyrirhuguð tillaga félagsins um að breyta því í einkahlutafélag og afskrá það í kjölfarið sé ekki í samræmi við þær reglur sem um afskráningu verðbréfa gilda, sbr. 24. gr. kphl. Fjármálaeftirlitið hefur því beint þeim tilmælum til félagsins að fara að umræddu ákvæði kauphallarlaga við afskráningu bréfa sinna úr Kauphöll.